

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 8. mars 2021
UST202102-075/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Grímslækjarheiði – Sögusteinn og fimm aðrar deiliskipulagstillögur. Umsögn

Við er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfus dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um sex deiliskipulagstillögur.

Þóroddsstaðir Eins ha spilda þar sem reist verða þrjú hús. Lóðin grasi vaxin og er byggðin í tengslum við mannvirki sem þegar eru til staðar. Engar athugasemdir.


Árbær 4 Ráðgert er að reisa þrjár byggingar á deiliskipulagssvæðinu sem er 4,8 ha. Tvö útihús eru innan svæðisins. Tún og akurlendi eru mest áberandi vistgerðir, en þar er einnig að finna víðikjarrvist sem telst hafa mjög hátt verndargildi. Umhverfisstofnun telur að skilgreina eigi byggingareiti þannig að víðikjarrvist verði ekki raskað.


Kinn Skilgreindir eru þrjár byggingarreitir á 4,4 ha lóð. Landbúnaðarland. Engar athugasemdir.

Kirkjuferjuhálega 2,3 og 4. Skilgreindar eru þrjár lóðir tvær 2 ha og ein 3 ha. Þar sem unnt er að reisa íbúðarhús, frístundahús og aðrar byggingar alls 800 m² á hverri lóð. Lóðirnar eru á óræktuðu landi þar sem er m.a. að finna gulstararfloavist og víðikjarrvist sem hafa mjög hátt verndargildi. Einnig eru lóðirnar innan svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun telur að erfitt geti verið að vernda einstaka vistgerðir á tiltölulega litlum lóðum þar sem ráðgerð er nokkuð mikil mannvirkjagerð. Varðandi mikilvæg náttúruverndarsvæði ætti að marka slíkri vernd stefnu í aðalskipulagi þar sem efitt getur reynst að taka tillit til verndunar slíkra svæða í einstaka deiliskipulagi.

Grímslækjarheiði-Sögusteinn Um er að ræða 5 ha lóð norðan Þorlákshafnarvegar. Svæðið er á sandiorpnu hrauni sem er fremur gróðurryrt. Engar athugasemdir.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Ísak Már Jóhannesson
Sérfræðingur